

Mættir eru Guðlaug, Aðalheiður, Ólöf, Halla, Hrefna, Ingibjörg, Erna, Brynja, Kolbeinn, Lilja Jóhanna og Írena

Fundarritari: Írena

Fulltrúar foreldra sendu bréf til borgarstjóra, sviðsins og formanns frístundaráðs og var verið að benda á að foreldrar væru í miklum vandræðum vegna þess að það fá ekki öll börn pláss í upphafi skólaárs sem þess þurfa. Börnin í 3. bekk voru ekki komin með pláss þegar bréfið var sent en þrír mánuðir liðu frá skólabyrjun þar til 3. bekkur fékk pláss. Steinn sviðstjóri sendi svar til baka og las Guðlaug bréfið upp fyrir fundar meðlimi. Hann var sammála um þennan vanda og útskýrði þeirra hlið á málinu. Fundar meðlimir ræddu svarið og þá sérstaklega þann hluta sem snýr að plássum í frístund og hversu seint þau eru í boði fyrir t.d. 3. bekk. Fulltrúar foreldra ætla að svara þessu bréfi.

Guðlaug bar undir fulltrúa nemenda hugmynd um hvort þau myndu vilja hafa einhverja hressingu þann 1. desember þegar haldið verður upp á 24. ára afmæli Ingunnarskóla, dag íslenskrar tungu og tónlistardaginn. Fulltrúar nemenda stungu upp á að fá frostoppinna/íspinna eftir hádegismat.

Kolbeinn, Brynja og Lilja kynntu niðurstöður heimsóknna þeirra í 2. – 10. bekk. Sjá niðurstöður í viðhengi (ætla að senda Guðlaugu skjalið).

Fulltrúi kennara kom með ábendingu um að 8. bekk finnst þau ekki hafa neitt rými til þess að vinna í næði þegar þau eru í hópavinnu. Þau tala um að þau megi ekki vera á bókasafninu þegar Karen er ekki til staðar og þau megi ekki nota miðjuna út af Stjörnulandi. Kom fram að húsgögnin í miðjunni voru keypt sameiginlega af Ingunnarskóla og Stjörnulandi og eigi skólinn og frístundin að samnýta þetta pláss. Það eru komnir læstir skápar fyrir Stjörnuland. Hugmynd er um að búa til google skjal þar sem kennarar geti pantað miðjuna fyrir sinn bekk.

Smíðastofa var rædd en mörgum nemendum fannst vanta smíðastofu.

Fulltrúar foreldra spurðu fulltrúa nemenda hvað stóð upp úr hjá þeim í könnuninni og sögðust þau myndu vilja samloku sjálfsala. Guðlaug kom með hugmynd um að þau myndu skrifa bréf til fyrirtækja t.d. sóma eða bakaríið hvort þeir hefðu áhuga á að setja upp sjálfsala. Kolli vildi meina að það sé eins gott að fara út í bakarí og kaupa bara þar. Hugmynd frá fulltrúum foreldra um að gera samlokudag þar sem t.d. 10. bekkur útvegar

samlökur og jafnvel selja, fjáröflun eins og þegar þau voru að selja vöflur. Guðlaug stakk upp á að hafa t.d. samlökudag einu sinni í mánuði.

Rætt var um hádegismatinn um að kennarar fái tillögur um hvaða mat bekkirnir þeirra vilja og senda í eldhúsið. Hver bekkur fær að velja eitt skipti yfir veturinn.

Fulltrúi foreldra spurði hvort ekki væri lengur í boði að hittast eftir fjögur á daginn í skólanum til að halda bekkjarkvöld eða spilakvöld. Skólinn hefur ekki starfsmann eftir fjögur til þess að læsa, ekki mikið svigrúm fyrir slíkt hjá borginni. Spurning hvort hægt sé að semja við Fókus þegar þau eru með opið.

Fulltrúi foreldra nefndi hvort það væri í boði að fá námsráðgjafa á fund foreldra í 3. bekk. Foreldrum finnst námsráðgjafinn myndi geta rammað inn foreldrasamstarfið og finnst foreldrum það vanta.

Rætt var um leynikaffi og að reyna að hafa þau ekki í desember. Frekar að fresta því þar til eftir áramót.

Fundi slitið.